

Ed.

688. Nefndarálit

[162. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 1 5. jan. 1938, um síldarverksmiðjur ríkisins.

Frá fjárhagsnefnd.

Frv. þetta er komið frá neðri deild, og er aðalefni þess að tryggja Siglufjarðar-kaupstað 100000 króna lágmarksgjald frá síldarverksmiðjum ríkisins þar, þar til endurskoðun á löggjöfinni um tekjur bæjar- og sveitarfélaga er lokið. Með tilliti til þess, að atvinnulífið á Siglufirði og þar með tekjur bæjarsjóðs voru lengi háðar síldveiðum og síldarvinnslu, þar með talið rekstur síldarverksmiðjanna, þykir nefndinni rétt að veita bæjarsjóði Siglufjarðar þessa tryggingu. Nefndin mælir því með, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 29. apríl 1955.

Bernh. Stefánsson,	Lárus Jóhannesson,	Gisli Jónsson.
form., frsm.	fundaskr.	
Karl Kristjánsson.	Haraldur Guðmundsson.	